

# LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 11. júní 2026.

Mál nr. 768/2025:

## Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Bjarni Hólmur Einarsson lögmaður)

(Gunnar Egill Egilsson lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

## Lykilorð

Dráttur á máli. Þjófnaður. Fjársvik. Hegningarauki.

## Útdráttur

X var ákærður fyrir þjófnað, með því að hafa tekið samtals 4.785.252 krónur í reiðufé úr hraðbönkum með greiðslukorti A, og fyrir fjársvik, með því að hafa svikið út vörur og þjónustu með framvísun á greiðslukorti A, fyrir samtals 1.699.256 krónur. Með dómi Héraðsdóms var ákærði sakfelldur fyrir alla þá háttsemi sem hann var ákærður fyrir. Fyrir Landsrétti var ákærði sýknaður að hluta en sakfelldur að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, eða sem nam þjófnaði að fjárhæð 4.515.993 króna og fjársvikum að fjárhæð 1.567.625 króna. Var X dæmdur hegningarauki og gert að sæta fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til dráttar á meðferð málsins. Þá var X gert að greiða A samtals 6.083.618 krónur í skaðabætur með vöxtum og dráttarvöxtum.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarmarnir Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Harðardóttir og Eiríkur Elís Þorláksson, settur landsréttardómari.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 19. september 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 22. janúar 2026. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 2025 í málinu nr. S-1155/2025.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.
- Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af öllum sakargiftum og einkaréttarkröfu vísað frá dómi. Til vara að refsing verði milduð og einkaréttarkrafa lækkuð verulega, eða honum ekki gerð refsing í málinu.

- 4 Af hálfu brotþola, A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 6.400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. maí 2018 til 11. apríl 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af framburði ákærða og brotþola fyrir héraðsdómi.

### **Niðurstaða**

- 6 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi er ákærða í I. kafla ákæru gefinn að sök þjófnaður, sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa á tímabilinu 22. janúar 2017 til 25. mars 2018 tekið samtals 4.785.252 krónur í reiðufé úr hraðbönkum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið með greiðslukorti brotþola. Í II. kafla ákæru eru ákærða gefin að sök fjársvik, sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa á tímabilinu 12. janúar 2017 til 24. mars 2018 blekkt starfsfólk í staðgreiðsluviðskiptum með framvísun á greiðslukorti brotþola og með því svikið út vörur og þjónustu, samtals að fjárhæð 1.699.256 krónur.
- 7 Við munnlegan málflutning fyrir Landsrétti lýsti sækjandi því yfir að nánar tilgreindar fjárhæðir í ákæru næðu yfir notkun ákærða á greiðslukorti brotþola sem hún hefði fallist á að hafa sjálf staðið að eða samþykkt. Er um að ræða notkun á greiðslukorti hennar erlendis. Fær það samrýmst framburði brotþola fyrir héraðsdómi um að hún hafi veitt ákærða heimild til þess að nota greiðslukortið erlendis. Verður því fallist á með ákærða að ósannað sé að ásetningur hans hafi staðið til þjófnaðar með því að taka út í hraðbönkum erlendis reiðufé sem samkvæmt gögnum málsins var samtals að fjárhæð 269.259 krónur. Er í þeim efnunum enn fremur litið til þess að ákæra tekur til úttekta úr hraðbönkum „víðs vegar um höfuðborgarsvæðið.“ Með sama hætti eru ósannaðar sakargiftir um fjársvik í þeim tilfellum sem greiðslukortið var notað erlendis, sem var samtals að fjárhæð 131.631 króna. Verður ákærði því sýknaður að þessu leyti.
- 8 Að þessu virtu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða fyrir þær sakargiftir sem í ákæru greinir. Brot hans á 244. gr. almennra hegningarlaga voru með vísan til framangreinds að fjárhæð 4.515.993 krónur og brot hans á 248. gr. laganna að fjárhæð 1.567.625 krónur, eða samtals 6.083.618 krónur.
- 9 Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærða var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 2024 í máli nr. S-[...] /2023 gert að sæta fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið. Brot ákærða sem hann er nú sakfelldur fyrir voru framin áður en hann hlaut framangreindan dóm. Af því leiðir að dæma ber honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Verður héraðsdómurinn jafnframt tekinn upp og ákærða dæmd refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. laganna. Við ákvörðun refsingar er enn fremur litið til 1., 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra

hegningarlaga. Með hliðsjón af verulegum drætti á meðferð málsins og sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði sem bundin verður skilorði í tvö ár samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga.

- 10 Einkaréttarkrafa brotaþola er að fjárhæð 6.400.000 krónur en tjón sem af brotum ákærða hlaust nam samkvæmt framangreindu 6.083.618 krónum. Verður fallist á kröfu brotaþola að þeirri fjárhæð og að hún beri vexti með sama hætti og greinir í hinum áfrýjaða dómi.
- 11 Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 12 Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.
- 13 Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar brotaþola verður staðfest. Ákærða verður gert að greiða brotaþola málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, A, skaðabætur að fjárhæð 6.083.618 krónur með vöxtum eins og ákveðnir voru í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 773.627 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, 706.800 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað til handa brotaþola skal vera óraskað.

Ákærði greiði brotaþola 300.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 2025**

#### *Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 20. maí 2025, höfðaði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru, útgefni 25. febrúar 2025, á hendur X, [...], [...] „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

#### I.

Þjófnað, með því að hafa á tímabilinu 22. janúar 2017 til 25. mars 2018 stolið samtals kr. 4.785.252, er ákærði tók út reiðufé í hraðbönkum [...], [...], hraðbanka [...], hraðbanka [...], víðs vegar um höfuðborgarsvæðið með greiðslukorti [A], kt. [...] eins og nánar greinir í rannsóknargögnum málsins.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Fjársvik, með því að hafa á tímabilinu 12. janúar 2017 til 24. mars 2018, blekkst starfsfólk í staðgreiðsluviðskiptum með framvísun á greiðslukorti [A], kt. [...] og með því svikið út vörur og þjónustu, samtals að fjárhæð kr. 1.699.256 eins nánar greinir í rannsóknargögnum málsins.

Telst brot þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

### *Einkaréttarkrafa:*

Fyrir hönd [A], kt. [...], gerir Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður þá kröfu að ákærða verði gert að greiða [A] miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. janúar 2018, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá krefst brotþoli þess jafnframt að hinum ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð kr. 6.400.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. maí 2018, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

- 2 Ákærði krefst aðallega sýknu og frávísunar einkaréttarkröfu. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög leyfa og að bótakröfu verði vísað frá dómi eða hún lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst ákærði málsvarnarlauna handa skipuðum verjanda sem greidd verði úr ríkissjóði.

### *Helstu málsatvik*

- 3 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom brotþoli á lögreglustöð þann 11. apríl 2018 og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna eignaspjalla, þjófnaðar og heimilisofbeldis. Þau hafi átt í sambandi um fimm ára skeið og eignast barn árið 2016. Eftir það hafi ákærði farið að breytast og síðasta árið hafi eiginlega engin samskipti verið á milli þeirra. Hann hafi verið farinn að meiða hana og haga sér furðulega. Hún hafi loks gefist upp og rekið hann út [...]. desember 2017. Ákærði hafi flutt til [ættingja]. Hann hafi komið á heimili brotþola að hitta [barn] þeirra og í eitt skiptið hafi hann tekið aukalykil að heimilinu án vitundar brotþola. Hún hafi síðan vaknað nótt eina við það að hann hafi verið að læðast inn. Annað skipti hafi hann tekið aukallykilinn úr skiptitösku [barns] þeirra, en brotþoli hafi ekki vitað það fyrr en síðar. Hún hafi gist hjá [ættingja] eina nótt og á meðan hafi ákærði farið inn í íbúðina og tekið þar myndir af drasli og hót að nota gegn henni í forræðisdeilu. Hún hafi þá ákveðið að skipta um læsingu á íbúðinni. Eftir það hafi ákærði komið að læstum dyrum nótt eina er brotþoli var ekki heima og þá hafi hann sparkað upp hurðinni.
- 4 Viku fyrir komu á lögreglustöð kvaðst brotþoli hafa fengið símtal frá banka sínum [erlendis] og henni verið tilkynnt að sparireikningur hennar væri tómur og hún komin í 100.000 krónur í skuld þar. Í upphafi ársins hafi verið 1.500.000 krónur inni á þessum reikningi. Hún hafi fengið kort á reikninginn þegar þau ákærði bjuggu saman [erlendis] árið 2015. Hún hafi óskað eftir yfirliti frá bankanum yfir árin 2017 og 2018 og þá hafi hún uppgötvað að hann hafi notað kortið hennar óspart. Í upphafi árs 2017 hafi verið 6.300.000 krónur inni á kortinu, sem hann hafi notað í eigin neyslu án hennar vitundar. Úttektirnar hafi verið á börum, veitingastöðum, rakarastofum, herrafataverslunum og stórar fjárhæðir í hraðbönkum.
- 5 Kortið hafi hún geymt í leynihólf í veskinu sínu, en tekið eftir því að það hafi verið horfið eitt skiptið þegar ákærði hafi verið í heimsókn. Nokkrum dögum síðar hafi hann sagst hafa fundið kortið á gólfinu í barnaherbergi íbúðarinnar. Hann hafi þá verið búinn að vera með kortið í fimm daga og eytt um 500.000 krónum á þeim tíma í ýmis konar neyslu.

- 6 Á meðal gagna málsins er yfirlit yfir færslur af greiðslukorti brotaþola hjá [erlenda] bankanum [...] á tímabilinu 12. janúar 2017 til 24. mars 2018, sem brotaþoli kveður ákærða standa að baki, og samantekt lögreglu yfir færslurnar. Alls er um að ræða 39.086 evrur úr hraðbönkum, 7.547 evrur í mat og áfengi, 577 evrur í gistingu og 5.900 evrur í annað.
- 7 Í gögnum málsins er ennfremur að finna greiðslukvittun frá Nova vegna kaupa á farsíma í nafni ákærða 23. mars 2018, daginn eftir að hann hafði neitað því í skilaboðum gagnvart brotaþola að hann hefði greiðslukort hennar undir höndum. Greitt var fyrir viðskiptin með greiðslukorti brotaþola.
- 8 Í skýrslu fyrir lögreglu 28. nóvember 2019 kvaðst ákærði aðspurður um að hafa tekið út fjárhæð upp á 6.300.000 krónur af korti í eigu brotaþola hafa notað greiðslukort hennar, en kvað það hafa verið með hennar samþykki. Hann hafi talið hana vilja losna við þessa peninga, þar sem hún hafi erfitt hundruði milljóna. Þau hafi verið með sameiginlegan fjárhag og þetta væri bara dropi í hafið. Í skýrslugjöf 30. ágúst 2023 kvaðst ákærði hafa verið tekjulaus er sambandi hans við brotaþola hafi verið að ljúka og hann hafi þá oft fengið að nota kort hennar til að kaupa bjór og hamborgara. Hann hafi notað kortið í ýmislegt annað og talið það vera með hennar samþykki þar sem hún hafi aldrei sagt honum að hætta að nota það. Hann hafi talið það hennar hlutverk að fylgjast með neyslu hans á kortinu og stöðva hann ef henni þætti ástæða til, en þar sem hún hafi ekki gert það hafi hann litið svo á að honum væri frjálst að nota kortið. Hann hafi oft fengið kortið lánað, en síðan skilað því og fengið það aftur lánað á ný. Kannaðist hann við úttektir úr hraðbönkum, en þótti ólíklegt að hann stæði að baki öllum úttektunum. Allt eins líklegt væri að brotaþoli hafi leyft fleirum að nota kortið eða einhver hafi jafnvel náð kortinu af ákærða og notað það líka. Skýrði ákærði frá því að það hafi verið erfitt að vera allt í einu peningalaus eftir sambandsslitin, en brotaþoli ætti fullt af peningum og hafi hann verið orðinn vanur góðu lífi í þeirra sambandi og eyðsla þeirra verið mikil. Hann hafi oft fengið kortið lánað í janúar, febrúar og mars 2018 eftir sambandsslitin, en þó hafi hann sennilega farið yfir mörk hvað varðar eðlilega notkun. Kvaðst hann ekki muna hvenær hann hafi skilað kortinu síðast, en hann kannaðist ekki við að færslur á kortinu 22. – 25. mars eftir samskipti við brotaþola 22. mars 2018 tilheyrðu honum.

*Skýrslur fyrir dómi*

- 9 Ákærði kvaðst hafa farið í heimsreisu 2015 með brotaþola. Hann hafi sjálfur ekki átt krónu. Hún hafi fjármagnað ferðina að öllu leyti og þau bæði notað hennar greiðslukort. Hún hafi átt svo mikla peninga að þetta hafi bara verið dropi í hafið. Ákærði hafi síðar notað kort hennar þegar hann hafi verið einn [erlendis], en hún hafi flutt heim til Íslands nokkru á undan honum. Hann hafi notað kortið áfram eftir heimkomuna til Íslands. Hann hafi vitað öryggisnúmerið á kortinu hennar, en hún hafi aldrei breytt því. Þau hafi verið með [rekstur] saman og þar hafi hún greitt allt og þau notað hennar kort í rekstrinum. Hann hafi verið alveg háður henni fjárhagslega og á endanum hafi sambandið sprungið vegna þess. Hún hafi aldrei bannað honum að nota kortið eftir það. Hann hafi ekkert kunnað að fara með peninga. Kvaðst ákærði játa að hafa gengið á lagið. Sambandsslitin hafi verið furðulegur tími og í móðu hjá honum. Hún hafi engin mörk sett honum við notkun kortsins. Hann hafi notað kortið til og með desember 2017, en ekki eftir það. Kvaðst hann ekkert muna í hvað hann hafi notað kortið. Hann hafi ekki verið í vinnu árin 2015 – 2018, en verið í námi. Stundum hafi hann spurt hana hvort hann mætti nota kortið, en ekki alltaf. Hann hafi litið svo á að hann hefði leyfi hennar til að nota það, en áttað sig á að þetta fyrirkomulag væri „út í hött“. Hann hafi ekki verið með kortið að staðaldri, heldur hafi hann alltaf skilað því á milli. Kortið hafi verið geymt uppi á ísskápnnum í íbúðinni. Kvaðst hann gera ráð fyrir að hún hafi vitað að hann hafi notað kort hennar. Hann hafi verið „heimavinnandi húsfáðir“. Hún hafi líka notað kortið. Hann hafi verið í góðri trú um notkun á kortinu og talið að hún væri að fylgjast með notkun hans. Hann hafi hins vegar ekki spurt hana sérstaklega né þau rætt þetta.
- 10 Aðspurður um skýrslugjöf hjá lögreglu varðandi háar úttektir úr hraðbönkum skömmu eftir sambandsslitin kvaðst ákærði kannast við að hafa sagst vilja fá „headstart“ eftir sambandsslitin, hann hafi ekki getað hugsað sér að eiga ekki peninga.
- 11 Ákærði kvaðst ekki kannast við kaup á farsíma í Nova 23. mars 2018. Einhver vinur hennar gæti hafa keypt símann og notað hans kennitölu.

- 12 Kvaðst ákærði sýna peningum mjög litla virðingu og ekkert kunna með þá að fara. Mikið bruðl hafi verið á lífsstíl þeirra brotþola.
- 13 A, brotþoli, kvaðst hafa búið með ákærða í nokkur ár. Hún hafi orðið ólétt [...] er þau bjuggu [erlendis]. Hún hafi flutt heim og eignast barnið í [...]. Erfiðleikar hafi einkennt sambandið eftir það. Drykkjuvandi ákærða hafi aukist og eiturlyfjaneysla bæst við. Samskipti þeirra hafi verið í lágmarki síðasta árið. Hún hafi stundum farið af heimilinu til að vernda sig og barnið. Loks hafi hún náð að safna kjarki til að reka hann út í desember 2017. Mikið rót hafi verið í framhaldinu, ákærði hafi viljað koma og hitta barnið, hann hafi stolið lykklum og komið óboðinn inn. Hún hafi skipt um læsingu, en hann komist inn í stigaganginn og sparkað upp hurðinni á íbúðinni og þannig komist inn. Hún hafi síðan fengið tilkynningu frá [erlenda] bankanum um að reikningur hennar væri kominn í mínus. Hún hafi ekkert vitað um úttektir ákærða fram að því og það hafi verið áfall að heyra að þessum peningum hafi verið eytt án hennar vitundar. Kortið hafi verið í evrum og einungis notað erlendis. Kvaðst brotþoli muna eftir að hafa notað kortið einu sinni á Íslandi, en það hafi verið í gæluþrábúð.
- 14 Brotþoli kvaðst hafa látið ákærða fá pin-númerið að kortinu er þau bjuggu [erlendis] 2015 til þess að hann gæti notað það þegar hann skryppi út í búð fyrir þau og annað slíkt. Hún hafi síðan farið á undan til Íslands og kvað það geta verið að hún hafi leyft honum að hafa kortið á meðan. Síðast hafi hann fengið að nota kortið er þau voru á ferðalagi í [...] 2016. Heima á Íslandi hafi hún geymt kortið hjá vegabréfinu sínu eða á leynistað í veskinu. Þau ákærði hafi ekki haft sameiginlegan fjárhag. Á sambandstímanum hafi hún fjármagnað þau að mestu leyti. Eftir að hún hafi fengið tilkynninguna frá [erlenda] bankanum hafi hún ályktað að ákærði hafi verið að taka kortið og skila því til baka. Einu sinni hafi hún tekið eftir að kortið hafi verið farið og þá spurt ákærða um það og hann hafi sagst hafa fundið það á gólfinu í barnaherberginu. Það hafi sennilega verið í ársbyrjun 2018 áður en hún fékk tilkynninguna frá bankanum.
- 15 Kvað brotþoli það rétt að þau hafi rekið [...] saman. Hún hafi fjármagnað [...]. Það sé hins vegar rangt að ákærði hafi notað hennar kort í tengslum við [reksturinn].

#### *Niðurstaða*

- 16 Í málinu er ákærða annars vegar gefinn að sök þjófnaður með því að hafa á tímabilinu 22. janúar 2017 til 25. mars 2018 tekið samtals 4.785.252 krónur í reiðufé úr hraðbönkum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið með greiðslukorti brotþola. Hins vegar eru ákærða gefin að sök fjársvik með því að hafa á tímabilinu 12. janúar 2017 til 24. mars 2018 blekkt starfsfólk í staðgreiðsluviðskiptum með framvísun á greiðslukorti brotþola og með því svikið út vörur og þjónustu, samtals að fjárhæð 1.699.256 krónur.
- 17 Ákærði hefur játað að hafa notað greiðslukort brotþola, en ber því við að það hafi verið með hennar samþykki. Fyrir dómi neitaði ákærði þó að hafa notað kortið eftir desember 2017, en í skýrslugjöf fyrir lögreglu 30. ágúst 2023 skýrði hann hins vegar frá því að hann hafi oft fengið kortið lánað í janúar, febrúar og mars 2018. Þá kannaðist hann þar við úttektir úr hraðbönkum á tímabilinu, en kvaðst ekki geta fullyrt að hann væri valdur að öllum úttektunum. Fyrir lögreglu gaf ákærði þá skýringu á hraðbankaúttektunum að hann hafi óttast að verða peningalaus eftir sambandsslitin og viljað tryggja sér „headstart“. Verður að skilja þá skýringu ákærða svo að hann hafi hamstrað peninga úr hraðbönkum með korti brotþola til að útvega sér framfærslufé eftir sambandsslitin. Ákærði gaf engar trúverðugar skýringar á breyttum framburði fyrir dómi. Eru ekki efni til annars en að leggja til grundvallar framburð ákærða fyrir lögreglu, sem kemur heim og saman við trúverðugan framburð brotþola, um að hann hafi notað kortið allt fram í mars 2018.
- 18 Óumdeilt er að brotþoli lét ákærða í té öryggisnúmer greiðslukortsins er þau bjuggu [erlendis] árið 2015 og lánaði honum kortið til innkaupa fyrir heimilið. Þá skýrði brotþoli frá því að hún hafi heimilað ákærða að nota kortið á sameiginlegu ferðalagi þeirra um [...] árið 2016. Í þessi skipti hafi hún látið honum kortið í té og hann síðan skilað því til baka. Brotþoli hefur verið stöðug og skýr í framburði sínum um að hún hafi ekki heimilað ákærða að nota kortið síðan. Er framburður hennar trúverðugur. Framburður ákærða hefur á hinn bóginn verið reikull um það hvenær hann hafi notað kortið og ennfremur hvernig kortið hafi komist í hendur hans og hvernig samþykki brotþola hafi verið fengið. Hefur ákærði ýmist vísað til þess að brotþoli hafi lánað honum kortið, eins og hann skýrði lögreglu frá í ágúst 2023, eða að hann hafi tekið

kortið þar sem það hafi verið geymt ofan á kæliskáp í íbúð brotaþola og skilað því síðan þangað aftur, eins og hann skýrði frá fyrir dómi. Hann hafi ekki fengið samþykki hennar berum orðum, heldur gefið sér að hún væri samþykk því að hann tæki kortið og notaði til eigin þarfa. Hann hafi litið svo á að það væri hennar verk að fylgjast með úttektum á kortinu og gera athugasemdir við hann. Hann bæri enga virðingu fyrir peningum og hún hafi átt að setja honum mörk. Hún ætti næga peninga en hann hafi verið auralaus.

- 19 Samkvæmt framangreindu bar ákærði ekki á móti því fyrir dómi að hann hafi tekið kortið án vitundar brotaþola og skilað því aftur ofan á kæliskápinn, eins og hún hefur staðfastlega skýrt frá. Þá hefur hann gengist við því að hafa notað kortið án þess að hafa aflað samþykkis brotaþola. Framburð hans um ætlað samþykki brotaþola verður að skilja á þann veg að hann hafi vonast til þess að hún myndi ekki gera athugasemd þegar upp kæmist um notkunina. Hefur ákærði hvorki sýnt fram á að hann hafi haft heimild, né ástæðu til að ætla, að hann mætti taka kort brotaþola og nota í eigin þarfir án skýrrar heimildar frá henni. Ákærði hefur skýrt frá því að samband þeirra hafi verið slæmt síðustu mánuðina og dregur það enn frekar úr trúverðugleika þess að hann hafi mátt ætla að sér væri heimilt að nota kort brotaþola. Loks liggja fyrir samskipti á milli brotaþola og ákærða á samfélagsmiðlum 22. mars 2018 þar sem hún sakar hann um að hafa stolið kortinu og krefst þess að hann skili því. Ákærði neitaði þar að vera með kortið, en daginn eftir var kortið notað til að kaupa farsíma hjá Nova á nafni og kennitölu ákærða. Er sú skýring ákærða að einhver annar kunni að hafa keypt símann, en skráð viðskiptin á hans nafn ótrúverðug og verður að leggja til grundvallar að þar hafi ákærði verið að verki. Á því tímamarki gat ákærða ekki dulist að notkun hans á kortinu væri óheimil. Eru viðbáruð ákærða um ætlað samþykki brotaþola haldlausar. Að mati dómsins er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvort brotaþoli myndi láta heimildarlausu notkun hans á kortinu yfir sig ganga.
- 20 Ákærði hefur byggt á því að óljóst sé hvort hann hafi staðið að baki öllum þeim úttektum sem ákæra lýtur að. Hann geti ekki fullyrt um það sjálfur. Af framburði ákærða fyrir lögreglu og fyrir dómi verður ekki annað ráðið en að hann hafi enga yfirsýn haft yfir notkun sína á korti brotaþola. Framburður brotaþola hefur hins vegar verið trúverðugur og stöðugur um að kortið, sem var frá erlendum banka og í erlendri mynt, hafi fyrst og fremst verið ætlað til notkunar erlendis. Brotaþoli tilgreindi þær úttektir sem hún kannaðist við, en kvað aðrar úttektir sér óviðkomandi. Eru ekki efni til að vefengja framburð hennar. Getgátur ákærða um að einhver óþekktur aðili kunni að hafa náð kortinu af honum og tekið fé úr hraðbanka eru fjarstæðukenndar, enda hefði hinn sami þurft að hafa aðgang að leyninúmeri kortsins og jafnframt skila því aftur til ákærða að notkun lokinni. Ákærði hafði upplýsingar um öryggisnúmer kortsins og hefur viðurkennt umfangsmikla notkun þess. Ekkert bendir til að aðrir hafi haft aðgang að korti brotaþola eða öryggisnúmeri kortsins. Umfangsmiklar úttektir úr hraðbönkum samræmast þeirri skýringu ákærða fyrir lögreglu að hann hafi óttast peningaleysi og viljað tryggja sér framfærslu eftir að brotaþoli vísaði honum á dyr. Þá er neyslumynstur það sem endurspeglast í úttektum með kortinu sambærilegt allan tímann. Að mati dómsins er samkvæmt heildstæðu mati á gögnum málsins og framburðum aðila hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi staðið að þeim færslum sem í ákæru greinir.
- 21 Verður ákærði samkvæmt framansögðu sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 620/2008.
- 22 *Einkaréttarkrafa*. Fjárfrafa brotaþola styðst við sundurliðuð gögn málsins um óheimilar úttektir ákærða með korti brotaþola, ásamt skuld við bankann vegna úttekta umfram innistæðu, en krafa brotaþola nemur nokkru lægri fjárhæð en tilgreind er í ákæru. Eru ekki efni til að vísa kröfunni frá dómi vegna vanreifunar. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu um sekt ákærða er fallist á fjárkröfu brotaþola með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en ekki liggja fyrir gögn í málinu um að bótakrafa hafi verið birt ákærða fyrr en við þingfestingu þess og tekur upphafsdagur dráttarvaxta mið af því. Fyrir dómi skýrði lögmaður brotaþola miskabótakröfu hennar svo að hún hafi verið lögð fram áður en ákæra hafi verið birt, en þá hafi jafnframt verið til rannsóknar kæra brotaþola fyrir húsbrot, eignaspjöll og heimilisofbeldi. Ekki hefur tíðkast í dómaframkvæmd að dæma miskabætur vegna þjófnaðarbrotu og eru atvik máls þessa ekki með þeim hætti að efni séu til að víkja frá þeirri framkvæmd. Verður kröfu brotaþola um miskabætur því hafnað.

- 23 Í samræmi við málsúrslit verður fallist á málskostnaðarkröfu brotþola eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.
- 24 *Refsing og sakarkostnaður.* Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 19. september 2023, var hann dæmdur í fangelsi í níu mánuði [...] 2020 fyrir þjófnað, húsbrot og brot gegn umferðarlögum og fíkniefnalögum. Ákærði var ennfremur dæmdur [...] 2024 í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir þjófnað, gripdeild og brot gegn fíkniefnalögum. Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir nú voru framin fyrir uppkvaðningu framangreindra dóma og hafa þeir því ekki ítrekunaráhrif. Með hliðsjón af sakarefni þessa máls, óhæfilegra tafa á rannsókn málsins hjá lögreglu og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.
- 25 Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.
- 26 Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari. Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns, 1.004.400 krónur.

Ákærði greiði brotþola, A, skaðabætur að fjárhæð 6.400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. maí 2018 til 11. apríl 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola 669.600 krónur í málskostnað.